

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Eyjafjarðarsveitar og Gnúpverjahrepps um mörk sveitarfélaganna inn til landsins.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 13. september 1999 staðfest samþykkt hreppsnefndar Eyjafjarðarsveitar frá 22. september 1996 og samþykkt hreppsnefndar Gnúpverjahrepps frá 2. september 1999 um mörk sveitarfélaganna inn til landsins.

Samkvæmt samþykktunum verða mörk sveitarfélaganna með eftirfarandi hætti:

Stjórnsýslumörk Eyjafjarðarsveitar á móti Gnúpverjahreppi eru úr hátindi Klakks, eftir Háöldukvísl í Þjórsá.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. september 1999.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um takmörkun á markaðssetningu lampaolíu, skrautmuna, leikfanga og spaug- eða gabbvarnings með tilteknum efnum.

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða takmarka framleiðslu, innflutning eða dreifingu lampaolíu, leikfanga, skrautmuna og spaug- eða gabbvarnings sem innihalda tiltekin efni.

Skrautmunir og olíulampar.

2. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn eða dreifa skrautmunum sem í eru efni í vökvaformi sem flokkast hættuleg, skv. reglugerð nr. 236/1990¹⁾, og ætluð eru til að ná fram ljós- eða litaáhrifum með mismunandi fösum. Dæmi um slíka hluti eru skrautlampar og öskubakkar.

3. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja inn eða dreifa olíu, sem nota má sem eldsneyti á lampa, ef hún inniheldur ilm- eða litarefni og er í umbúðum sem eru minni en 15 lítrar þegar hún flokkast hættuleg og skal merkt með hættusetningunni H65 „Getur valdið lungnaskaða við inntöku“ skv. reglugerð nr. 236/1990.

¹⁾ Reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, með síðari breytingum.